



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 31. mars, 2010

Ákvörðun nr. 9/2010

Kaup Landsvirkjunar á hlut í Þeistareykjum ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 15. janúar 2010 tilkynnti Landsvirkjun Samkeppniseftirlitinu um kaup sín á tæplega 32% hlut í Þeistareykjum ehf. Í kjölfar kaupanna eru tæp 64% hlutafjár í Þeistareykjum ehf. í eigu Landsvirkjunar. Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í kjölfar þess að samrunaskráin barst Samkeppniseftirlitinu komu starfsmenn Landsvirkjunar á fund Samkeppniseftirlitsins og reifuðu sjónarmið tengd samrunanum. Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt óskað eftir sjónarmiðum og gögnum frá ýmsum aðilum. Verður vísað til þeirra eftir því sem ástæða er til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist.

Með kaupsamningi, dags. 30. desember 2009, keypti Landsvirkjun 31,971% eignarhlut Norðurorku hf. í Þeistareykjum ehf. Þeistareykir ehf. voru stofnaðir 28. apríl 1999 samkvæmt upplýsingum á heimasíðu félagsins.¹ Stofnaðilar voru Orkuveita Húsavíkur, Hita- og vatnsveita Akureyrar, Rafveita Akureyrar, Aðaldælahreppur og Reykdælahreppur. Samkvæmt heimasíðunni var megintilgangur félagsins sá að hefja orkurannsóknir á Þeistareykjum og stuðla með því að orkufrekum iðnaði á Norðausturlandi. Árið 2005 keypti Landsvirkjun tæp 32% hlutafjár Þeistareykja ehf. og sama ár hófust viðræður við Alcoa um byggingu álvers á Norðurlandi. Þá hefur hönnun og umhverfismat vegna fyrirhugaðrar virkjunar á Þeistareykjum staðið yfir frá árinu 2007. Samkvæmt heimasíðu Þeistareykja ehf. er áformað að reisa allt að 200 MWe jarðhitavirkjun á Þeistareykjum. Eru drög að matsáætlun vegna verkefnisins að finna á heimasíðunni. Í henni er gert ráð fyrir að rafmagn úr virkjuninni verði flutt á Bakka rétt norðan við Húsavík.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar t.a.m. þegar eitt fyrirtæki nær yferráðum yfir öðru fyrirtæki. Yferráð samkvæmt ákvæðinu vísa til þess að skapast hafi möguleiki á því fyrir

¹ Slóðin er www.theistareykir.is. Tilvitnaðar upplýsingar má nálgast á heimasíðu félagsins. [sótt 22. mars 2010]



yfirtökufyrirtækið að hafa afgerandi áhrif á rekstur hins yfirtekna. Hugtakið fyrirtæki merkir í samkeppnislögum einstaklingur, félag, opinberir aðilar eða aðrir sem stunda atvinnurekstur sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Atvinnurekstur skv. 1. tl. sama ákvæðis er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að Þeistareykir ehf. séu fyrirtæki í skilningi ákvæðisins enda hafa rannsóknir og undirbúningur virkjunar sjálfstætt verðmæti sem mögulegt er að selja gegn endurgjaldi ásamt því sem orkan sem framleitt yrði í orkuveri á Þeistareykjum ef af verður yrði seld gegn endurgjaldi og væri þar með liður í atvinnustarfsemi. Má meðal annars hafa kaupverð hlutafjárins í Þeistareykjum ehf. til marks um það. Skiptir það ekki máli í þessu sambandi þó að engin sala hafi farið fram enn sem komið er.

Í kjölfar kaupanna er eignarhlutur Landsvirkjunar í félaginu 63,942%. Með því að Landsvirkjun fer með meirihluta hlutafjár í Þeistareykjum ehf. er ljóst að Landsvirkjun getur haft afgerandi áhrif á stjórnun þeirra og að Landsvirkjun fari þannig með yferráð yfir Þeistareykjum ehf.

III. Niðurstaða

1.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki í eigu ríkisins og Eignarhluta ehf. skv. samrunaskrá. Er tilgangur félagsins að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi. Framleiðir Landsvirkjun rafmagn í 16 aflstöðvum hér á landi skv. samrunaskrá. Þar af eru tvær gufuafsstöðvar staðsettar í Kröflu og Bjarnarflagi.

Samkvæmt samrunaskrá felst starfsemi Þeistareykja ehf. í rannsóknum á jarðhitasvæðum að Þeistareykjum. Hefur þegar verið fjallað nokkuð að starfsemi félagsins.

2.

Samkvæmt samrunaskrá voru eigendur Þeistareykja ehf. Orkuveita Húsavíkur ehf., Norðurorka hf., Landsvirkjun og Þingeyjarsveit. Átti Þingeyjarsveit 4,087% hlut en annað hlutafé skiptist jafnt á milli hinna þriggja eigendanna. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá hefur rekstur Þeistareykja ehf. verið þungur og stefnir félagið í gjaldþrot verði hlutafé í félaginu ekki aukið. Starfsemi sú sem Þeistareykir ehf. hafa með höndum er afar kostnaðarsöm. Eigendur Þeistareykja er mis fjársterkir en skv. samrunaskrá er Landsvirkjun þeirra öflugastur.

Samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins leitaði Norðurorka tilboða með aðstoð fjármálastofnunar sem býr yfir sérfræðipækkingu á því sviði en ljóst er að á næstunni munu eigendur Þeistareykja ehf. þurfa að renna styrkari stöðum undir reksturinn í formi aukins hlutafjár. Upplýsingar Samkeppniseftirlitsins benda ekki til þess að aðrir en Landsvirkjun hefðu keypt hlut Norðurorku í Þeistareykjum eins og á stendur. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að helstu raforkuframleiðendur á Íslandi eru skuldsettir og aðgengi að lánsfé lítið.



Rannsóknir Samkeppniseftirlitsins benda til þess að staða Landsvirkjunar sé sterk í framleiðslu á raforku á Íslandi. Kemur það fram í samrunaskrá þar sem segir „Landsvirkjun og Norðurorka eru fyrirtæki sem eru starfandi á raforkumarkaði og framleiða og selja raforku gegn endurgjaldi. Landsvirkjun er ráðandi á sínu sviði...“. Þá segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2006 *Stofnun Orkusölnunnar*:

„Ljóst er að staða samrunaaðila á þeim mörkuðum sem máli skipta er afar sterk. Þannig nýtur Landsvirkjun 80-85% markaðshlutdeildar á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á rafmagn. Ekkert annað félag selur rafmagn í heildsölu. Smásalar á rafmagn eru því allir háðir Landsvirkjun um þá orku sem þeir þarfnast umfram eigin framleiðslu. Á markaðnum fyrir smásölu á rafmagn til stóriðju hefur Landsvirkjun 90-95% markaðshlutdeild en ljóst er að nokkrar breytingar munu verða þar á í náinni framtíð vegna stóriðjuframkvæmda.“

Á móti kemur að sú framleiðsluaukning og þar með viðbót í markaðshlutdeild sem orkuvinnsla á þeistareykjum kann að færa Landsvirkjun er óviss. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrir það fyrsta liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu mikla raforku mögulegt er að framleiða á svæðinu. Eru gögn þar um nokkuð á reiki. Þá hefur engin ákvörðun verið tekin um hvort orkuver verði yfir höfuð byggt auk þess sem óljóst er hver myndi kaupa orkuna. Miðað við þá matsáætlun sem vitnað hefur verið til og annarra gagna sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum kann vinnslugeta mögulegrar virkjunar að vera um 200 MWe en til samanburðar má nefna að Kárahnjúkavirkjun Landsvirkjunar getur framleitt 690 MWe.²

3.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti getur stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Í samrunamáli þessu felst að Landsvirkjun kann að bæta við sig markaðshlutdeild í framleiðslu raforku, að því gefnu að virkjað verði á þeistareykjum og virkjanlegt afl verði í samræmi við það mat sem kynnt hefur verið Samkeppniseftirlitinu. Samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins hefur Norðurorka takmarkaðar forsendur til þess að halda áfram þátttöku í verkefninu. Er eiginfjárlutfall Norðurorku þegar orðið afar lágt og við núverandi efnahagsaðstæður er erfitt að afla lánsfjár. [...].³ Ennfremur er óljóst hversu mikið eða hvenær markaðshlutdeild Landsvirkjunar kann að styrkjast vegna virkjunar á þeistareykjum. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið telur Samkeppniseftirlitið því að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samruna Landsvirkjunar og þeistareykja.

IV.

² Skv. upplýsingum á heimasíðu Kárahnjúkavirkjunar. Slóðin er <http://karaahnjukar.is/article.asp?catID=279&-ArtId=441> [sótt 30. apríl]

³ Fellt út vegna trúnaðar.



Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Landsvirkjunar á 31,971% hlut í Þeistareykjum hf. felst samruna skv. 17. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson